

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2014

2014/EES/71/30

frá 27. júní 2014

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 67/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og líf skjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2015 yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18xa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/2009) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18xb. **32014 R 0067**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 67/2014 frá 27. janúar 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og líf skjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2015 yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku og skort á efnislegum gæðum (Stjtíð. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 67/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 23, 28.1.2014, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.